

**Eftirfarandi tölvupóstur barst starfsmanni Stjórnkerfis- og Lýðræðisráðs, Theódóru Sigurðardóttur og formanni ráðsins, Halldóri Auðar Svanssyni, þann 23. desember 2015.**

Sæl verið þið,

Eftirfarandi bókun var gerð á fundi hverfisráðs Grafarvogs í síðustu viku. þ.e. 15. desember.

Bókun frá kjörnum fulltrúum hverfisráðsins: Hverfisráð Grafarvogs harnar samþykkt stjórnkerfis- og Lýðræðisráðs frá 7. September sl. um breytingu á framkvæmd Betri hverfa fyrir árið 2016. Ljóst er að umrædd samþykkt veldur því að engar framkvæmdir í hverfum borgarinnar verða fjármagnaðar gegnum Betri hverfi á næsta ári og þar með minnka umtalsvert þau litlu áhrif sem íbúar borgarinnar geta haft á nærumhverfi sitt. Hverfisráð harnar að stjórnkerfis – og Lýðræðisráð skuli á þennan hátt draga úr Lýðræði í borginni. Það má vel vera að hægt sé að bæta verkefnið Betri hverfi og boðuð úttekt mun væntanlega leiða í ljós hvort svo sé. Hverfisráð telur að sú úttekt eigi samt ekki að hafa áhrif á framkvæmd verkefnisins árið 2016.

Bestu kveðjur og gleðileg jól ;-)

Margrét Richter  
Sérfræðingur fjármála og rekstrar  
Miðgarður – Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness  
Gylfaflöt 5  
112 Reykjavík  
Sími 411-1400